



# FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

21. JÚNÍ 2007

## EFNI BRÉFSINS:

**FRÉTTIR FRÁ  
STJÓRN** 1  
- SKOÐANA-  
KÖNNUN  
- SAMSTARFS-  
SAMNINGUR HS  
OG LBHÍ

**HEIMASÍÐA HS** 2

**TENGLASAFN  
FYRIR RÆKT-  
ENDUR HROSSA** 2

**SÍÐSUMAR-  
SÝNINGU  
SEINKAÐ** 2

**STJÓRN HS** 2

## Á DÖFINNI

- **Síðsumarsýning  
kynbótahrossa á  
Gaddstaðafloðum  
27.– 31. ágúst  
2007— nánari  
upplýsingar á  
[www.bssl.is](http://www.bssl.is)**

## FRÉTTIR FRÁ STJÓRN

### SKOÐANAKÖNNUN

Úrvinnslu úr skoðanakönnuninni, sem framkvæmd var í vetur, er nú lokið og liggja lokaniðurstöður fyrir. Þátttakan var eftir vonum, en um 140 félagsmenn tóku þátt. Könnunin gefur glögga mynd af skoðunum og viðhorfum félagsmanna um þau mál sem spurt var um.

Það helsta sem fram kemur er: Mikill meirihluti svarenda í könnuninni telja að það skipti miklu máli að reka hagsmunasamtök í greininni. Sterkur vilji kemur fram um að halda námskeið í byggingardómum og eru þegar lögð drög að því að setja slíkt námskeið í gang á næsta vetri. Um heimasíðu samtakanna, sem er reyndar hýst inn á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands ([www.bssl.is](http://www.bssl.is)) höfðu flestir skoðun og þarf að taka afstöðu til þess hvaða stefnu samtökin eiga að taka varðandi framtíð hennar. Um sýningar eru flestir á því að breyta litlu. Er varðar helstu viðfangsefni HS voru flestir á því að efla hagsmunagæslu, ræktunarstarf og fræðslu, upplýsingar og útgáfustarfsemi. Ábendingar um að bæta starfið voru að hafa það sýnilegra og virkara, virkja félagsmenn frekar og nefndu nokkrir að halda ætti stóðhesta. Í flestum tilfellum var ekki marktækur munur á svörum frá konum og körlum eða félagsmönnum úr sveit eða þéttbýli. Mikilvægt er að stjórn samtakanna nýti sér niðurstöðurnar og reyni að verða við þeim “fyrirmælum” sem fram koma í könnuninni, enda var tilgangurinn að nota hana til að efla og bæta starfið. Könnunin í heild er birt á heimasíðu samtakanna.

### SAMSTARFSSAMNINGUR HS OG LBHÍ

Þessa dagana er verið að ganga frá samstarfssamningi milli HS og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Í markmiðskafla samningsins segir: „*Aðilar hafa sett sér það markmið að hefja samstarf sem stuðla á að aukinni fræðslu og menntun á sviði hrossaræktar. Einnig er markmið samningsins að stuðla að rannsóknnum á sviði hrossaræktar og hestahalds. Er það gert í því augna- miði að auka skilning og áhuga á hrossarækt og stuðla að framförum í greininni með sérstaka áherslu á starfssvæði HS.*”

Með þessum samningi er stjórn HS fyrir sitt leiti að marka stefnu í fræðslu- og rannsóknarstarfi. Samtökin hafa nú fjárhagslega burði til að styrkja félagsmenn til þátttöku í námskeiðum sem haldin verða í samvinnu við Lbhí. Einnig er áhugavert að geta stuðlað að og stutt rannsóknarstarf í greininni því af nógu er að taka í þeim efnum. Mikilvægt er að þau tækifæri sem samningurinn býður upp á verði vel nýtt. Samningurinn leggur þær skyldur á samtökin að vera virk og leiðandi í verkefnavali og er enginn vafi á að ef vel er á haldið getur hann haft mikið að segja í félagsstarfinu. Samstarfssamningurinn verður birtur í heild sinni á heimasíðu HS.

**Fundargerðir  
HS eru birtar á  
[www.bssl.is](http://www.bssl.is)**

**HEIMASÍÐA  
HROSSARÆKTARSAMTAKANNA**

Eins og vonandi flestum félagsmönnum er kunnugt um eru Hrossaræktarsamtökin með heimasíðu. Síðan er hluti af vefsíðu Búnaðarsambands Suðurlands (www.bssl.is) og er tengill inn á hana á áberandi stað á forsíðu www.bssl.is.

Á síðunni er að finna upplýsingar um samtökin og lög þess auk þess sem allar fundargerðir samtakanna eru birtar þar. Á það bæði við um stjórnarfundi sem og aðra fundi samtakanna. Þá er fréttabréfið aðgengilegt þar á pdf-formi. Á síðunni er einnig að finna upplýsingar um eina stóðhestinn í eigu HS, Galsa frá Sauðárkróki. Þá er verið að byggja upp tenglasafn á sunnlenska hrossaræktendur undir síðunni.

Í raun og veru má segja að síða samtakanna sé hluti af hrossaræktarhluta vefsíðu BSSL eins og staðan er í dag. Þar er að finna mikið efni er varðar kynbótastarfið, skýrsluhaldið og kynbótasýningar í hrossarækt á Suðurlandi þannig að síðan á ekki illa heima þarna. Hins vegar kann vel að vera að Hrossaræktarsamtökin ættu að vera með sitt eigið lén á vefnum þó á því geti verið misjafnar skoðanir. Ákvörðun þar að lútandi hlýtur að taka mið af því hver megintilgangur er með vefsíðu fyrir samtökin. Í dag er þetta langhagkvæmasti kosturinn.

**TENGLASAFN FYRIR  
RÆKTENDUR HROSSA**

Á vefsíðu HS er verið að byggja upp tenglasafn yfir sunnlenska hrossaræktendur. Til þess að fá tengil þar inn þurfa menn að óska eftir því með því að hafa samband við Höllu Eygló Sveinsdóttur, halla@bssl.is.

Tekið skal fram að einungis er settir inn tenglar á þá sem stunda hrossarækt og eru félagar í HS. Ekki eru settir inn tenglar á þá aðila sem eingöngu stunda keppni og/eða sölu.

**SÍÐSUMARSÝNINGU SEINKAÐ**

Kynbótasýningum á þessu vori á vegum Búnaðarsambands Suðurlands er lokið. Þátttaka í fyrstu tveim sýningunum var fremur dræm en hins vegar mjög mikil í þeirri síðustu. Á fyrri sýningunni á Sörlastöðum voru dæmd 108 hross, 247 á Gaddstaðaflötum og á seinni sýningunni á Sörlastöðum 335 hross. Tvær dómnefndir voru að störfum á Gaddstaðaflötum og seinni sýningunni á Sörlastöðum. Sitt sýnist hverjum um það fyrirkomulag, vissulega nást mikil afköst en álagið á þá

knappa sem sýna flest hrossin er gríðarlegt.

Minnt er á að síðsumarsýningin á Gaddstaðaflofum verður dagana 27. til 31. ágúst en ekki 20. til 24. ágúst eins og áður var auglýst, bætt verður við dögum ef þátttaka verður mikil. Ástæða þessarar seinkunnar er sú að Heimsmeistaramótið í Hollandi er dagana 6. til 12. ágúst. Tekið verður við skráningum í síma 480-1800 dagana 15. til 17. ágúst. Einnig er hægt að skrá hross til sýningar á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is.

**STJÓRN HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS**

**Hrafnkell Karlsson**, Hrauni, 801 Selfoss, formaður. Sími 483 5077, 864 2730, netfang: hraun@emax.is.

**Ólafur Einarsson**, Torfastöðum, 801 Selfoss, varaformaður.

**Helgi Eggertsson**, Kjarri, 801 Selfoss, gjaldkeri.

**Bertha Kvaran**, Miðhjáleigu, 861 Hvolsvöllur, ritari.

**Bjarni Sigurðsson**, Sigurhæð 8, 210 Garðabær.

**Varamenn:** Bjarni Porkelsson, Hlynur Steinn Kristjánsson og Sigurður Sigurðarson.

**Halla Eygló Sveinsdóttir**, hrossaræktarráðunautur BSSL, er samstarfsaðili stjórnar í ýmsum málum er að samtökunum lúta. Sími 480 1800 (beinn sími 480 1806), netfang: halla@bssl.is.



Stjórn og varastjórn HS, talið f.v.: Bjarni Sigurðsson, Helgi Eggertsson, Bjarni Porkelsson, Hlynur Steinn Kristjánsson, Bertha Kvaran og Hrafnkell Karlsson. Á myndina vantar Ólafur Einarsson og Sigurður Sigurðarson.